

Ed.

497. Frumvarp til laga

[241. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1941, um fjarskipti.

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að fenginni umsógn tryggingaráðs og Tryggingastofnunar ríkisins að veita fötluðu fólki, lömuðu eða bæklugu til gangs, undanþágu frá greiðslu starfrækslugjalds vegna talstöðva í bifreiðum þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er um að ræða mjög svo brýna nauðsyn fyrir fatlaða, að stuðlað verði að því að þeir geti haft talstöð í bíl sínum. Ætlast er til þess af hálfu flutningsmanna, að undanþága þessi nái einungis til fólks, sem svo illa er bæklad til gangs, að það kemst tæpast eða ekki hjálparlaust milli húss og bifreiðar í sæmilegu veðri, en slíkt fólk getur átt líf sitt undir því, ef bíll bilar á vegum úti, festist í ófærð eða lendir út af vegi, að geta þá kallað á hjálp.

Samkvæmt upplýsingum Landssímans er starfrækslugjald talstöðva nú, frá 1. apríl 1976, kr. 10 200.00 auk söluskatts, en að sjálfsögðu yrði hann einnig gefinn eftir. Í gjaldinu felst greiðsla fyrir nánar tilgreindan fjölda samtala.

Í öðru frumvarpi, sem flutningsmenn leggja fram samtímis, er gert ráð fyrir annarri fyrirgreiðslu sem miðar að því að auðvelda fötluðu fólki, sem slíks þarfnast, að komast yfir talstöð í bifreið sína.